



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Atvinnuveganefnd Alþingis
bt. Kristjönu Benediktsdóttur
Kirkjustræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/295
komudagur 20.11.2013

Reykjavík, 20. nóvember 2013
Tilv.: 1311005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tollalög (úthlutun tollkvóta), 137. mál.

Samkeppniseftirlitinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tollalög (úthlutun tollkvóta), 137. mál. Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 3. mgr. 12 gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum (úthlutun kvóta):

- a) *Á eftir orðinu „innflutningsverðs“ í 2. másl. kemur: að teknu tilliti til heildsöluálagningar.*
- b) *Á eftir 2. másl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal tollur ekki vera hærri en 45% af ákveðnum magntolli samkvæmt tollskrá.*
- c) *Við 3. másl. bætist: að viðbættri heildsöluálagningu.*

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að ákvæði 3. mgr. 12. gr. tollalaga hafi verið breytt með lögum nr. 160/2012, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (úthlutun tollkvóta og fódursjóður), sem voru samþykkt á Alþingi á 141. löggjafarþingi. Ákvæðinu var breytt vegna álits umboðsmanns Alþingis frá 18. júlí 2011 um heimild ráðherra til að leggja á verð- eða magntoll. Þegar lög nr. 160/2012 tóku gildi og farið var að vinna eftir ákvæði 3. mgr. 12. gr. tollalaga hafi komið í ljós ákveðnir vankantar við ákvörðun á tolli. Tekið er fram að samkvæmt framangreindri málsgrein skuli tollur vera reiknaður sem mismunur á ríkjandi heildsöluverði, samkvæmt upplýsingum frá a.m.k. tveimur leiðandi ótengdum dreifingaraðilum, og innflutningsverði, samkvæmt meðaltali tollverðs síðastliðinna sex mánaða. Vankantarnir hafi falist í því að sú aðferð sem tilgreind er í ákvæðinu leiði a.m.k. í sumum tilfellum til þess að tollur á dýrari vörum verði umtalsvert hærri en á ódýrari vörum. Hafi þetta m.a. komið fram þegar ákveða þurfti opinn tollkvóta á nautakjöti til að mæta skorti á markaði sl. vor. Þá hafi komið t.d. í ljós að magntollur á dýrari vöðvum hefði orðið hærri en þeir tollar sem um getur í tvíhliða samningum Íslands við ESB og/eða WTO - tollkvótareglugerðum.



Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði úr þessu með nákvæmari viðmiðum og um leið sett ákveðið hámark sem magntollur innan tollkvóta skuli bera úr viðauka IVA og B við tollalög. Tilgangurinn sé að draga úr hættu á að tollar skili sér í hærra verðlagi til neytenda.

Í 3. mgr. 12. gr. laganna segir hvernig ákvarða skuli magntoll á þær vörur sem eru fluttar inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B við tollalög. Við 2. másl. 3. mgr. bætist að tillit skuli taka til heilðsöluálagningar þegar miðað er við innflutningsverð en álagning á heilðsöluverð og innflutningsverð er ekki nákvæmur samanburður og getur verið mismunandi. Gerð er tillaga um nýjan málslið þar sem segir að magntollur skuli ekki vera hærri en 45% af almennum magntolli samkvæmt tollskrá. Í umsögn um frumvarpið segir að gera megi ráð fyrir að með samþykkt frumvarpsins muni magntollur skv. 12. gr. laganna lækka eitthvað en hins vegar er líklegt að vörumagn innflutnings muni aukast á móti.

Samkeppniseftirlitið vill minna á umsögn sína til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 14. mars 2012, þar sem fram kom að tollkvótar hafa almennt í för með sér neikvæð áhrif á samkeppni sem veldur bæði atvinnulífi og neytendum tjóni. Í framangreindri umsögn Samkeppniseftirlitsins kom einnig fram að þrátt fyrir framangreinda annmarka sé þó betra að miða við magntolla á tollkvótum í stað verðtolla. Þegar ákvörðun tolla fer eftir samanburði á ríkjandi heilðsöluverði og innflutningsverði þá telur Samkeppniseftirlitið eðlilegt að innflutningsverð hafi að geyma heilðsöluálagningu til að samræmis sé gætt. Auk þess telur Samkeppniseftirlitið til bóta að ákveðið þak verði á almennum magntolli eins og lagt er til í því frumvarpi sem hér um ræðir.

Samkeppniseftirlitið vill að lokum áréttta það sem fram kom í framangreindri umsögn eftirlitsins til atvinnuveganefndar Alþingis að beita sér fyrir því að horfið verði frá aðgangshindrunum sem almennt felast í tollkvótum á innflutningi á búvörum. Standi hins vegar ekki til að afnema innflutningshömlur hvetur Samkeppniseftirlitið til þess að úthlutun tollkvóta verði endurgjaldslaus og eftir atvikum hlutkesti varpað sé ásókn umfram kvóta. Við þá framkvæmd er mælst til þess að innlendum afurðastöðvum búvöru og vinnslustöðvum í þeirra eigu verði gert óheimilt að bjóða í eða sækjast eftir tollkvóta fyrir innfluttar landbúnaðarafurðir. Er það mikilvægt vegna þess að aðilar sem framleiða innlendar landbúnaðarafurðir hafa hvata til að halda uppi verði á innfluttum landbúnaðarvörum eða jafnvel bjóða þær ekki til sölu þannig að þær hafi sem minnst samkeppnisleg áhrif á þeirra eigin framleiðsluvörur.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Guðmundur Sigurðsson


Birgir Óli Einarsson